

AUGLÝSING

um útgáfu viðmiða um æðri menntun og prófgráður.

Í samræmi við 5. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006, hefur háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðherra gefið út viðmið um æðri menntun og prófgráður sem birt eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari á íslensku og ensku.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 530/2011 og öðlast þegar gildi.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu, 31. október 2024.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Ásdís Halla Bragadóttir.

Fylgiskjal.

Viðmið um æðri menntun og prófgráður.

Viðmið um æðri menntun og prófgráður á Íslandi eru kerfisbundin lýsing á uppbyggingu náms- og prófgráða á háskólastigi sem taka sérstaklega til viðmiða um hæfni/lærdóm (e. learning outcomes) við námslok. Allir háskólar á Íslandi sem öðlast viðurkenningu ráðherra sem fer með málefni háskóla samkvæmt lögum um háskóla nr. 63/2006 skulu fylgja þeim viðmiðum sem hér eru sett fram.

Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim viðmiðum sem háskólar skulu hafa við lýsingu á þekkingu, leikni og hæfni þeirra nemenda sem hafa lokið ólíkum prófgráðum. Einnig er fjallað um tengsl viðmiðanna við gæðaeftirlit með háskólastarfi.

1. Uppbygging æðri menntunar.

1.1. Háskólanám.

Hlutverk háskóla er skilgreint í lögum um háskóla nr. 63/2006, en löggin taka til skóla sem veita æðri menntun er leiðir til prófgráðu eða annarra námsloka á háskólastigi. Hugtakið „æðri menntun“ á við alla menntun á háskólastigi. Þar er átt við skóla sem teljast vera hefðbundnir háskólar, þar sem lögð er stund á kennslu og rannsóknir á mörgum fræðasviðum, og háskóla með afmarkaðra starfssvið eða kennslustofnanir án rannsóknaskyldu. Eftirfarandi viðmið um æðri menntun og prófgráður eiga við um háskóla sem heyrir undir þann ráðherra sem fer með málefni háskóla. Í töflu 1 má

Appendix

National Qualification Framework for Higher Education.

The National Qualification Framework for higher education in Iceland is a systematic description of the structure of higher education qualifications and degrees, focusing specifically on criteria for learning outcomes. All higher education institutions accredited by the Minister responsible for higher education under the Higher Education Act No 63/2006 must apply the framework laid out below.

The framework stated below are those to be applied by higher education institutions when creating descriptions of the knowledge, skills and competences acquired by students who complete each of the degrees mentioned. There is also a discussion of how this framework relate to quality assurance in higher education.

1. The Structure of Higher Education.

1.1. Higher Education.

The role of higher education institutions is defined in the Higher Education Act, No 63/2006, which applies to educational institutions providing higher education leading to a degree or any other type of university level qualification. The term “higher education” refers to all education provided at the university level. This covers institutions considered to be traditional universities, providing teaching and research in a wide range of subject areas, but also universities with specialized focus and teaching institutions without an obligation to conduct research. The National Qualification Framework

sjá skipulag og uppbyggingu prófgráða í íslenskum háskólum.

presented here applies to higher education institutions under the authority of the Minister responsible for higher education. Table 1 provides an overview of the organisation and structure of degrees awarded by higher education institutions in Iceland.

Tafla 1. Skipulag einstakra prófgráða.

| QF-EHEA ¹ | EQF ² | ISQF ³ | | Einingar (ECTS) |
|----------------------|------------------|-------------------|--|-----------------|
| Fyrsta háskólaþrep | 6 | 5.1 | Diplómapróf | 60-120 |
| | 6 | 5.2 | Bakkalárgráða | 180-240 |
| Annað háskólaþrep | 7 | 6.1 | Lokapróf á meistarastigi og önnur meistarapróf | 60-120 |
| | 7 | 6.2 | Meistaragráða | 90-120 |
| Þriðja háskólaþrep | 8 | 7.1 | Meistarapróf á doktorsstigi (Master of Philosophy) | 90-180 |
| | 8 | 7.2 | Doktorsgráða | 180< |

Table 1. Organisation of Individual Degrees.

| QF-EHEA ¹ | EQF ² | ISQF ³ | | Number of units (ECTS) |
|----------------------|------------------|-------------------|--|------------------------|
| First cycle | 6 | 5.1 | Diploma | 60-120 |
| | 6 | 5.2 | Bachelor's degree | 180-240 |
| Second cycle | 7 | 6.1 | Master's level certificate and other postgraduate qualifications | 60-120 |
| | 7 | 6.2 | Master's degree | 90-120 |
| Third cycle | 8 | 7.1 | Master of Philosophy | 90-180 |
| | 8 | 7.2 | Doctorate | 180< |

Á fyrsta háskólaþrepi eru tvö stig skv. íslenska hæfnirammannum um menntun, diplómapróf (5.1) og bakkalárgráða (5.2).

Diplómapróf (5.1) er skilgreint sem:

Námslok frá háskóla þar sem nemandi hefur lokið 60 – 120 ECTS einingum af skipulagðri námsleið á fyrsta háskólaþrepi.

According to the Icelandic Qualifications Framework, the first higher education cycle includes two levels: diploma (5.1) and bachelor's degree (5.2).

Diploma (5.1) has the following definition:

Higher education qualification awarded to students who have completed between 60 and 120 ECTS credits while enrolled in a structured study programme.

¹ Hæfnirammí evrópska háskólasvæðisins (Qualifications Framework for the European Higher Education Area)

² Evrópski hæfniramminn um menntun (European Qualifications Framework)

³ Hæfnirammí um íslenska menntun (Icelandic Qualifications Framework)

¹ Qualifications Framework for the European Higher Education Area

² European Qualifications Framework

³ Icelandic Qualifications Framework

Bakkalárgráða (5.2) er skilgreint sem:
Námslok frá háskóla þar sem nemandi hefur lokið 180 – 240 ECTS einingum af skipulagðri námsleið á fyrsta háskólaþrepi.

Á öðru háskólaþrepi eru tvö stig, lokapróf á meistarastigi og önnur meistarapróf (6.1) og meistaragráða (6.2).

Lokapróf á meistarastigi og önnur meistarapróf (6.1) er skilgreint sem:
Námslok frá háskóla þar sem nemandi hefur lokið 60 – 120 ECTS einingum af skipulagðri námsleið á háskólaþrepi 2. Undir lokapróf á meistarastigi fellur allt meistaránám sem felur í sér 60 – 89 ECTS einingar. Undir önnur meistarapróf fellur það meistaránám sem felur í sér 90 – 120 ECTS einingar en innihalda ekki 30 ECTS eininga rannsóknarverkefni/lokaverkefni.

Meistaragráða (6.2.) er skilgreind sem:
Námslok frá háskóla þar sem nemandi hefur lokið 90 – 120 ECTS einingum af skipulagðri námsleið á háskólaþrepi 2. Meistaragráða inniheldur að minnsta kosti 30 ECTS eininga rannsóknarverkefni/lokaverkefni.

Á þriðja háskólaþrepi eru tvö stig, meistarapróf á doktorsstigi (7.1) og doktorspróf (7.2).

Meistarapróf á doktorsstigi (Master of Philosophy 7.1) er skilgreint sem:
Námslok frá háskóla þar sem nemandi hefur lokið að minnsta kosti helmingi (90 – 180 ECTS einingum) af skipulagðri námsleið til doktorsprófs á háskólaþrepi 3. Meistarapróf á doktorsstigi skal innihalda að minnsta kosti 90 eininga rannsóknarverkefni. Hægt verður að veita meistarapróf á doktorsstigi í undantekningartilfellum og ekki er mögulegt að innrita nemendur á þetta námsstig.

Doktorsgráða (7.2) er skilgreind sem:
Námslok frá háskóla þar sem nemandi hefur lokið að minnsta kosti 180 ECTS einingum af skipulagðri námsleið á háskólaþrepi 3. Doktorsgráða skal innihalda rannsóknarverkefni sem stenst alþjóðleg viðmið um doktorsverkefni og staðist hefur doktorsvörn.

Bachelor's degree (5.2) has the following definition:
Higher education qualification awarded to students who have completed between 180 and 240 ECTS credits while enrolled in a structured study programme.

The second higher education cycle includes two levels: master's level certificate and other post-graduate qualifications (6.1) and master's degree (6.2).

Master's level certificate and other postgraduate qualifications (6.1) has the following definition:
Higher education qualification awarded to students who have completed between 60 and 120 ECTS credits while enrolled in a structured second-cycle study programme. 'Master's level certificate' includes all studies at the master's level for which between 60 and 89 ECTS credits are awarded. 'Other post-graduate qualifications' includes studies at the master's level for which between 90 and 120 ECTS are awarded, but which do not require the completion of a research or end-of-studies project worth 30 ECTS credits.

Master's degree (6.2) has the following definition:
Higher education qualification awarded to students who have completed between 90 and 120 ECTS credits while enrolled in a structured second-cycle programme. A master's degree includes a research or end-of-studies project worth at least 30 ECTS credits.

The third higher education cycle includes two levels: master of philosophy (7.1) and doctorate (7.2).

Master of philosophy (7.1) has the following definition:
Higher education qualification awarded to students who have completed at least one-half (between 90 and 180 ECTS credits) of a structured third-cycle programme leading to a doctorate. A master of philosophy degree must include a research project worth at least 90 ECTS credits. The award of a master of philosophy degree will be possible only in exceptional cases, and no option exists to enrol students into this level of studies.

Doctorate (7.2) has the following definition:
Higher education qualification awarded to students who have completed at least 180 ECTS credits while enrolled in a structured third-cycle programme. Studies toward a doctorate must include a research project which meets international criteria for doctoral theses and has been successfully defended.

1.2. Námsár og vinnuframlag.

Samkvæmt lögum um háskóla nr. 63/2006 skal kennsla í háskólum fara fram í námskeiðum sem metin eru í **stöðluðum námseiningum** (ECTS – European Credit Transfer System). Að jafnaði svara 60 ECTS einingar til fulls náms á námsári og eiga þær að endurspeglar alla námsvinnu nemenda.

Námsvinna nemenda felst í tímasókn, undirbúningi, verkefnavinnu og þátttöku í námsmati. Ein náms-eining ECTS felur að jafnaði í sér 25 – 30 klst. námsvinnu nemenda.

Einungis háskólar sem hlotið hafa viðurkenningu ráðherra sem fer með málefni háskóla hafa leyfi til að nota ECTS einingar við námsmat.

Kennsla og námsmat skal endurspeglar viðmið viðkomandi námskeiðs eða námsleiðar. Aldrei skal meta ECTS einingar sem áunnist hafa á einu háskólaþrepi sem ígildi eininga á herra háskólaþrepi séu þær hluti af kjarnahæfni námsins. Eftir sem áður er heimilt að meta valfög á öðru námsstigi sem ekki mynda kjarna námsgráðunnar og sem styður við þverfaglegt nám.

Námi á háskólastigi lýkur með skilgreindum námslokum, þ.e. **prófgráðu eða skilgreindu lokaprófi** sem veitt er þegar sýnt hefur verið að nemandi hafi tileinkað sér öll viðmið námsleiðar.

Heimilt er að meta raunfærni (e. Recognition of Prior Learning) einstaklinga á tiltekin háskólaþrep skv. stöðluðu gæðafærli. Þær ECTS einingar sem metnar eru með raunfærnimati eru í öllu sambærilegar ECTS einingum sem nemandi hefur lokið í námskeiðum/námsleiðum.

Örnám (e. Micro-credential). ECTS einingar sem aflað hefur verið með örnámi má meta sem hluta af skilgreindum námslokum á sama háskólaþrepi og til þeirra var aflað. Námslok geta þó aldrei verið byggð á örnámi einvörðungu. Þær almennu gæðakröfur sem gerðar eru til ECTS eininga eiga við um örnám. Er þá átt við gæðamat þeirra, svo sem birting í kennsluskra, útgefin hæfniviðmið námsins, að námsstíg sé tilgreint og fjöldi ECTS eininga, lýsing á námsmati og annað það sem tilheyrir gæðavottun. Gefa skal út vottorðsviðauka með örnámi þar sem allar sambærilegar upplýsingar koma fram og má finna í skirteinisviðauka (Diploma supplement) fyrir nám til prófgráðu.

1.2. Study years and student workload.

Under the Higher Education Act, No 63/2006, courses taught at higher education institutions are to be evaluated in **standardised credits** according to the European Credit Transfer System (ECTS). A fulltime study programme normally consists of 60 ECTS credits per academic year, reflecting all student workload during that time.

The student workload comprises attending and preparing for classes, working on projects, and participating in assessment. One ECTS credit normally corresponds to 25 to 30 hours of student workload.

Only higher education institutions accredited by the Minister responsible for higher education are authorised to award ECTS credits in connection with course assessment.

Teaching and assessment must reflect the framework laid down for the course or programme concerned. ECTS credits earned in one higher education cycle must never be assessed as the equivalent of credits earned in a higher cycle, as part of the core learning outcomes of the qualification. It is permitted to recognise credits from a lower cycle as elective credits that do not form part of the core learning outcomes, in order to support multidisciplinary studies.

The completion of higher education studies is certified by a formal qualification, i.e. a **degree or certificate**, awarded when it has been established that the student has met all learning outcomes of the relevant study programme.

Recognition of prior learning (RPL) may be used to place a student in a specific higher education cycle following standardised quality procedures. ECTS credits awarded through RPL are comparable in every way to ECTS credits earned by attending courses or programmes.

Micro-credentials. ECTS credits earned through micro-credentials may be assessed as part of a formal qualification belonging to the same cycle as that in which they were earned. However, a qualification may never be awarded based exclusively on micro-credentials. All the same quality assurance mechanisms apply to micro-credentials as to ECTS awarded through traditional routes. This refers e.g. to quality assurance procedures, publication in curricula, learning outcomes, course and assessment descriptors and number of ECTS awarded, as well as all other relevant quality assurance mechanisms. Micro-credentials should be issued with a supporting Diploma supplement, containing the equivalent information to those issued with other Higher Education Qualifications.

1.3. Inntökuskilyrði í háskóla.

Sú meginregla gildir að nemendur sem hefja nám í háskóla skulu hafa lokið stúdentsprófi eða staðist lokapróf frá framhaldsskóla á 3. hæfniprepi. Háskólum er heimilt að taka inn nemendur sem búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati viðkomandi háskóla. Þó skal tryggt að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum erlendum háskólum á sambærilegu sviði. Í lögum um háskóla er jafnframt heimilað að setja sérstök inntökuskilyrði fyrir þá sem hefja nám í háskóla, t.d. með því að láta nemendur, sem uppfylla framangreind skilyrði, gangast undir inntökupróf eða stöðupróf.

Nemendur sem hefja nám á meistarastigi skulu hafa lokið bakkalárgráðu (5.2) eða sambærilegu háskólanámi. Gert er ráð fyrir að nemandi fari inn á námsleið sem byggir á þeirri þekkingu, leikni og hæfni sem hann hefur öðlast í námi á fyrsta háskólaprepi.

Nemendur sem hefja doktorsnám skulu að jafnaði hafa lokið námi af stigi 6.2.

Háskólar sem bjóða upp á doktorsnám hafa uppfyllt reglur um doktorsnám nr. 37/2007, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga um háskóla nr. 63/2006.

2. Uppbygging viðmiða um prófgráður.

Í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður er hverri prófgráðu á háskólastigi lýst fyrir sig, frá diplómaprófi til doktorsprófs.

Í viðmiðunum er *þekking*, *leikni* og *hæfni* á hverju stigi skilgreind.

Þekking er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða sem einstaklingur hefur tileinkað sér. Þekking er bæði fræðileg og hagnýt.

Leikni felur í sér færni til að beita þekkingu. Leikni getur falist í almennri leikni sem ekki er bundin ákveðinni fræðigrein eða starfsgrein og sérhæfðri leikni.

Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að nýta þekkingu og leikni við nám og starf.

1.3. Admission Requirements for Higher Education.

As a general rule, students enrolling in higher education must have passed the matriculation examination (Icelandic stúdentspróf) or graduated from an upper-secondary school at the 3rd proficiency level. Higher education institutions may accept students possessing equivalent levels of maturity and knowledge as assessed by the institution concerned. However, efforts must be made to ensure that admission criteria and study requirements at all times align with those of foreign higher education institutions accredited in a similar academic field. According to the Higher Education Act, institutions may also apply special admission criteria, including by requiring students who already meet the above-mentioned criteria to undergo an entrance or assessment examination.

Students enrolling in studies at the master's level must have completed a bachelor's degree or comparable higher education studies. A student will generally be enrolled in a programme which builds on the learning outcomes acquired in the first higher education cycle.

As a rule, students enrolling in doctoral studies are expected to have completed studies at level 6.2.

Higher education institutions offering doctoral programmes must adhere to the Rules on Doctoral Studies, No 37/2007, cf. Article 7, fifth paragraph, of the Higher Education Act, No 63/2006.

2. Structure of the National Qualifications Framework for Higher Education.

The National Qualifications Framework contain a description of each higher education degree, from diploma to doctorate.

The framework defines the *knowledge*, *skills* and *competence* for each level.

Knowledge is the collection of facts, principles, theories and methods that individuals acquire. Knowledge is both theoretical and practical.

Skills consist in the ability to apply knowledge. Skills can be general, in the sense that they are not limited to a particular academic or professional discipline, or specialised.

Competence consists in the overall perspective and ability to use knowledge and skills for study and work.

2.1. Lýsingar á prófgráðum.

Hér á eftir fara viðmið sem eiga við skilgreindar prófgráður.

Diplóma Stig 5.1 60 – 120 ECTS

Inntökuskilyrði eru stúdentspróf, lokapróf frá framhaldsskóla á 3. hæfnipæpi eða sambærileg menntun. Einstakir skólar eða deildir geta gert sérstakar kröfur um samsetningu stúdentsprófsins.

Diplómapróf getur veitt aðgengi að bakkalárnámi, stigi 5.2. Einstakir skólar eða deildir geta gert sérstakar kröfur um samsetningu prófsins og ákveðna lágmarkseinkunn fyrir aðgang að námi á stigi 5.2. Diplómapróf á stigi 5.1 skulu skipulögð þannig að þau geti nýst sem hluti af námi á stigi 5.2.

Þekking:

Við útskrift býr nemandi yfir þekkingu innan fræðigreinar eða starfsgreinar.

Í því felst að nemandi:

- hafi öðlast innsæi inn í valdar kenningar og hugtök;
- geri greinarmun milli fræðilegra skýringa og annars konar skýringa;
- skilji og þekki stöðu fræðigreinar í víðara samhengi.

Leikni:

Við útskrift getur nemandi beitt aðferðum og verklagi starfsgreinar eða fræðigreinar.

Í því felst að nemandi:

- geti undirbúið, skipulagt og framkvæmt verkefni;
- geti nýtt sér þá grundvallarfærni og tækni sem notuð er á viðkomandi sviði;
- geti miðlað efni fræðigreinar eða starfsgreinar á skipulagðan og skiljanlegan hátt;
- hafi tileinkað sér frumleika í hugsun;
- geti lýst einföldum fræðilegum atriðum og rannsóknarniðurstöðum.

2.1 Descriptions of degrees

The following criteria apply to defined degrees

Diploma Level 5.1 60 – 120 ECTS credits

Admission criteria are to have passed the matriculation examination, graduated from an upper-secondary school at the 3rd proficiency level, or possess an equivalent qualification. Individual higher education institutions or their departments may lay down specific requirements regarding the composition of the programme leading up to the matriculation examination.

A diploma can provide access to studies at the bachelor's level, level 5.2. Individual higher education institutions or their departments may lay down specific requirements regarding the composition of the diploma programme and require a specific minimum grade for access to studies at level 5.2. Diploma programmes at level 5.1 must be organised in a way that makes it possible to assess them as part of studies at level 5.2.

Knowledge:

Upon graduation, students possess knowledge in the academic or professional discipline concerned.

This implies that students

- have become familiar with selected theories and concepts;
- can distinguish between scientific or scholarly explanations and other types of explanation;
- have acquired understanding and knowledge of how the discipline fits into a wider context.

Skills:

Upon graduation, students can apply the methods and processes of the academic or professional discipline concerned.

This implies that students:

- can design, develop and implement projects;
- can apply the fundamental expertise and techniques of the field concerned;
- can communicate the content of the academic or professional discipline coherently and intelligibly;
- have developed the capacity to engage in original thinking;
- can describe simple theoretical issues and research findings.

Hæfni:

Við útskrift geti nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og frekara námi.

Í því felst að nemandi:

- hafi þróað með sér hæfni til að geta tekist á við frekara nám;
- sýni frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum;
- geti unnið með öðrum að verkefnum.

Bakkalárgráða Stig 5.2 180 – 240 ECTS

Inntökuskilyrði eru stúdentspróf, lokapróf frá framhaldsskóla á 3. hæfniprepi eða sambærileg menntun. Einstakir skólar eða deildir geta gert sérstakar kröfur um samsetningu stúdentsprófsins.

Bakkalárgráða veitir aðgengi að framhaldsnámi á stigum 6.1 og 6.2. Þó geta skólar eða deildir krafist ákveðinnar lágmarkseinkunnar fyrir aðgang að námi á stigum 6.1 og 6.2.

Þekking:

Við útskrift býr nemandi yfir þekkingu innan fræðigreinar eða starfsgreinar.

Í því felst að nemandi:

- hafi öðlast almennan skilning og innsæi í helstu kenningar og hugtök;
- hafi vitneskju um nýjustu þekkingu á völdu sviði;
- þekki undirstöðuatriði leitar- og upplýsinga-tækni.

Leikni:

Við útskrift getur nemandi beitt aðferðum og verklagi starfsgreinar eða fræðigreinar.

Í því felst að nemandi:

- geti notað viðeigandi tækja-, tækni- og hugbúnað;
- geti beitt gagnrýnum aðferðum við greiningu viðfangsefna;
- geti rökstutt ákvarðanir á faglegum grunni;
- geti lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir sem nýttar eru;

Competence:

Upon graduation, students are able to apply their knowledge and skills professionally and in the context of further study.

This implies that students:

- have developed the skills necessary for them to undertake further study;
- demonstrate initiative and autonomy in their work;
- can cooperate with others in projects.

Bachelor's degree Level 5.2 180 – 240 ECTS credits

Admission criteria are to have passed the matriculation examination, graduated from an upper-secondary school at the 3rd proficiency level, or possess an equivalent qualification. Individual higher education institutions or their departments may lay down specific requirements regarding the composition of the programme leading up to the matriculation examination.

A bachelor's degree confers the right to enrol in graduate studies at levels 6.1 and 6.2. However, individual higher education institutions or their departments may make access to programmes at levels 6.1 and 6.2 conditional on having achieved a certain minimum grade.

Knowledge:

Upon graduation, students possess knowledge in the academic or professional discipline concerned.

This implies that students:

- have acquired a general understanding of and insight into the most important theories and concepts;
- are informed of the latest findings in their chosen field;
- are familiar with the fundamentals of information technology;

Skills:

Upon graduation, students can apply the methods and processes of the academic or professional discipline concerned.

This implies that students:

- know how to use the relevant tools, technological equipment and software;
- can analyse issues using critical methods;
- can support decisions by arguments appropriate to their field of study;
- can independently evaluate the methods used;

- greini hvenær þörf er á upplýsingum og hafi færni til finna þær, meta áreiðanleika þeirra og nýta á viðeigandi hátt;
- geti nýtt sér viðurkennd gagnasöfn og upplýsingalindir á viðkomandi fræðasviði;
- hafi tileinkað sér vísýni og frumleika í hugsun.

Hæfni:

Við útskrift geti nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og/eða frekara námi.

Í því felst að nemandi:

- hafi þróað með sér hæfni og sjálfstæð vinnubrögð fyrir frekara nám innan fræðigreinar;
- geti unnið sjálfstætt og skipulega, sett sér markmið, gert starfsáætlun/verkáætlun og fylgt henni;
- geti tekið virkan þátt í samstarfi og leitt verk-hópa;
- sé fær um að túlka og kynna fræðileg atriði og rannsóknarniðurstöður.

Lokapróf á meistarastigi og önnur meistara-próf.**Stig 6.1 60 – 120 ECTS**

Inntökuskilyrði eru bakkalárgráða af stigi 5.2, eða sambærilegt próf. Skilgreind námslok á stigi 6.1 veita að öllu jöfnu ekki aðgang að doktorsnámi á stigi 7.

Prófgráður sem falla undir þessa skilgreiningu geta verið mismunandi að lengd og inntaki. Eiga því skilgreiningarnar sem koma fram í viðmiðum hér að neðan aðeins við ef um fullt tveggja ára nám á meistarastigi er að ræða. Nám til lokaprófs á meist-arastigi fellur undir þessa skilgreiningu, en þarf ekki að uppfylla þær kröfur nema að hluta til og er fram-setning viðmiða sett upp með það í huga.

Þekking:

Við útskrift býr nemandi yfir þekkingu innan sérsviðs fræðigreinar eða starfsgreinar.

Í því felst að nemandi:

- þekki og skilji fræðileg viðfangsefni og álitamál;
- geti fært rök fyrir eigin úrlausnum;
- geti sett nýjustu þekkingu í samhengi á við-eigandi sérsviði;
- þekki til rannsóknaraðferða á sínu fræðasviði;
- hafi þekkingu á siðfræði vísinda.

- analyse the need to access information at any given time, and have the ability to find that information, assess its trustworthiness, and use it in appropriate ways;
- can make use of databases and information sources recognised within their field of study;
- have developed open-mindedness and the capacity to engage in original thinking;

Competence:

Upon graduation, students can apply their knowledge and skills professionally and/or in the context of further study.

This implies that students:

- have developed the competence and the degree of autonomy in their work necessary for them to undertake further study in their field;
- can work independently and in a structured manner, set goals for themselves, create work plans/project plans, and follow such plans;
- can cooperate actively and act as leaders of project teams;
- have the capacity to interpret and communicate theoretical notions and research findings.

Master's level certificate and other post-graduate qualifications.**Level 6.1 60 – 120 ECTS credits**

Admission criteria are a bachelor's degree at level 5.2, or an equivalent qualification. A formal qualification at level 6.1 normally does not confer the right to enrol in doctoral studies at level 7.

Degrees corresponding to this definition can differ as to the duration and content of the studies. For this reason, the definitions of the learning outcomes below only apply to degrees corresponding to a fulltime two-year programme at the master's level. While covered by this definition, a master's level certificate only needs to meet some of the requirements, a fact reflected in the organisation of the learning outcomes.

Knowledge:

